

***Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð 28. janúar 2021: Tillaga fulltrúa Flokks fólksins um úttekt á jafnréttisfræðslu í skólum - R2101098***

Tillaga Flokks fólksins að Reykjavíkurborg geri úttekt á jafnréttisfræðslu í skólunum, hvernig henni er háttað og hvernig hún hefur þróast undanfarna áratugi. Allt frá því fyrstu jafnréttislögin voru sett árið 1976 hefur íslenskum skólum verið skylt að fræða nemendur um jafnrétti kynjanna og að undirbúa bæði stráka og stelpur til jafnrar þátttöku í fjölskyldu- og atvinnulífi. Þær upplýsingar sem liggja fyrir um viðhorf og þróun jafnréttisfræðslunnar eru fremur fullorðinsmiðaðar. Börn og ungmenni eru að biðja um meiri fræðslu. Fulltrúi Flokks fólksins telur að það myndi vera gagnlegt að kanna nánar hvaða jafnréttisfræðslunni krökkunum og foreldrum þeirra finnst vera gagnleg og góð og hvaða þætti hennar mætti bæta og dýpka og hvaða og hvernig fræðslu hreinlega vantar? Kennarar hafa verið að fá eitthvað efni sem er afar mikilvægt en þeir gætu án efa þegið meira af góðu efni. Það fræðsluefni sem er þó til þarf vissulega að vera í sífelldri endurskoðun og uppfærslu.